

From vision to action “Góðir hlutir gerast”

Júní 2010 9. tlb

Kæru formenn

Nú er komið að lokum ykkar tímabils, en því lýkur formlega 1. júlí. Aðalfundur eru yfirstaðnir og ný stjórn að taka við. Það fylgir þessu tímabili ákveðinn feginleiki, en jafnframt söknuður. Ég held að við séum allar sammála um að það er gefandi að vinna fyrir þessi samtök. Það er þroskandi að fá að stýra deildinni í tvö ár og fá allan þann góða stuðning frá þessum frábæru konum sem eru í samtökum DKG.

Þið hafið sent upplýsingar um nýja stórn til alþjóðasamtakanna, en þær þurfa einnig að berast til landssambandsins. Flestar deildir hafa sent þær upplýsingar inn til okkar.

Þið munuð sitja með næstu stjórn sem fráfarandi formenn og veita nýjum formönnum stuðning. Það er nauðsynlegt að ákveðin samfella sé í starfinu og sérstaklega varðandi þær relgur og venjur sem ganga mann fram að manni. Það er óþarfi að nýr formaður þurfi að finna upp hjólið, betra að hún fái nægan tíma til að smyrja það vel.

Framkvæmdaráðsfundurinn verður 21. ágúst. Gott væri að fá ábendingar frá ykkur um hvað gott væri að taka fyrir þar til að undirbúa nýja formenn undir næstu tvö ár. Mér þætti vænt um að fá ráðleggingar hjá ykkur um hvað mætti betur fara hjá stjórn landssambandsins. Nú þegar þið takið til eftir starf síðustu tveggja ára kemur ýmislegt upp í hugann. Það er aldrei svo að ekki sé hægt að gera betur og við erum allar að læra.

Ég óska ykkur öllum gleðilegs og gæfuríks sumars og þakka kærlega fyrir samstarfið í vetur.

Upplýsingar

Gönguhópur DKG

Síðasta skiptið í vetur er 1. júní kl 17:30 og hvetjum við konur til að mæta í góða veðrinu. Það er spáð skúraveðri en 13 stiga hita.

Stefnum að því að ganga í Öskjuhlíðinni og fá okkur kaffisopa í Perlunni á eftir.

Til framkvæmda

Senda upplýsingar um nýjar stjórnir til alþjóðskrifstofu og landssambandsstjórnar, en það átti að senda þær fyrir 15. maí. Slóð á skýrslurnar er: <http://www.dkg.org/site/c.meJMIOwErH/b.5880043/k.C52B/Reports.htm>

June 2010						
Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau	Sun
	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28	29	30				

Á döfinni:


Gönguhópurinn – gengið er frá Perlunni
1. júní kl. 17:30.

Við ljúkum göngusyrpunni með að fá okkur
smáhressingu í Perlunni eftir gönguna.

Júlí 2010						
Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau	Sun
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30	31	

1. júlí Stjórnarskipti í deildum

Vika 29, Alþjóðáþingið í Spokane



Með systrakveðju,
Ingibjörg Jónasdóttir
landssambandsforseti DKG